

# Bekkjarnámskrá fyrir 5.-6. bekk skólaárið 2024-2025

## Íslenska

Íslenska er sambætt við samfélagsfræði, mannkynssögu og náttúrufræði á haust- og vorönn. Þættir sem þar eru æfðir eru lestur, skrift og réttitun.

### Haustönn 2024

Lestur Skrift Ljóð <b>Tímabil</b> <b>19.8-23.8</b> <b>16.9-18.10</b> <b>25.11-20.12</b>	Lögð verður áhersla á skrift og réttitun á haustönn. <ul style="list-style-type: none"> <li>ljóðalestur,</li> <li>frumsamin ljóð,</li> <li>skapandi skrif,</li> <li>yndislestur.</li> </ul>
---	---

### Vorönn 2025

Orðflokkgreining Málfræði <b>Tímabil</b> <b>6.1-31.1</b> Grísk goðafræði <b>3.2-7.3</b> Grískt leikrit <b>10.3-11.4</b> Sturlunga <b>22.4-9.5</b> Íslenskar bókmenntir	Áhersla á skrift og réttitun. Grísk goðafræði og verkefni unnin tengd henni. Grettis saga og verkefni unnin tengd henni. Íslenskar bókmenntir, lögð sérstök áhersla á yndislestur, hraðlestur, upplestur, lestur til skilnings, orðaforða og myndmál. <b>Nemendur greina helstu orðflokkan</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>nafnorð,</li> <li>sagnorð,</li> <li>lýsingarorð,</li> <li>fornöfn,</li> <li>greinir,</li> <li>töluorð.</li> </ul>
---	---

## Stærðfræði

Stærðfræði er kennd í þremur 3-4 vikna lotum. Stærðfræði er sambætt við formfræði á haustönn.

### Haustönn 2024

<b>Tímabil</b> <b>Haustönn</b> <b>28.10-22.11</b>	Mikil áhersla er lögð á æfingar, bæði í reikningsdæmum og verkefnum tengdum raunveruleikanum. Mælieiningar í lengd, vigt og rúmmáli eru nú fullþróaðar og þeim skipað á sinn stað í metrakerfinu. Að svo miklu leyti sem unnt er að leggja áherslu á heildir í verkefnavali, lausnir fengnar með tilraunum og beinar tilvísanir í veruleikann. <ul style="list-style-type: none"> <li>reikningsaðferðirnar fjórar - farið verður í stærðfræði sögur sem tengjast hverri aðgerð fyrir sig og hugtök rifjuð upp,</li> <li>talnalæsi- færni í reikningsaðgerðunum æfð með margvíslegum hætti,</li> <li>hugarreikningur- mismunandi leiðir til að leysa stærðfræðidæmi ræddar og markvissar æfingar í hugarreikningi með mismunandi reikningsaðgerðum,</li> <li>lóðrétt uppsetning dæma í reikningsaðgerðunum fjórum,</li> <li>almenn brot,</li> <li>tugabrot- kynning,</li> <li>mælingar- farið verður í uppruna metrakerfisins, hvornig er skipt á milli eininga og hvaðan forsetningar kerfisins koma,</li> <li>„Talnátöfrar“ - talnamynstur skoðuð, sléttar tölur, oddatölur, fullkomnar tölur og prímtölur skoðaðar,</li> <li>stærðfræðigátur- kennari leggur fyrir stærri dæmi sem hafa fleiri en eina lausn og styrkja þrautseigju og skapandi stærðfræðilegan hugsunarhátt.</li> </ul>
---	--

## Vorönn 2025

Stærðfræði Tímabil 3.2-7.3	<b>Nemendur vinna í aðalkennslubækur og reikningsbækur. Setja upp dæmi í bók.</b> <ul style="list-style-type: none"><li>færni frá fyrri lotu æfð og haldið við,</li><li>prósentur og tölfræði,</li><li>„Talnatófrar“ hugarreikningur og stærðfræðibrellur,</li><li>fríhendisrúmfræði,</li><li>nemendur kanna, búa til og tjá sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt,</li><li>nemendur þjálfast í að færa rök fyrir umbreytingu mynstra og tengja við ýmis stærðfræðihugtök svo sem samhverfa, speglunarárs, rétt horn og gleið horn,</li><li>rúmfræðiteikningar með hringfara,</li><li>nemendur vinna með rúmfræði hugtökin horn, brúnir, hliðarfleti, sívalingur, ferstrendingur, píramídi, kúla, keila, teningur, rétthyrningur, ferningur á myndrænan hátt.</li></ul>
Rúmfræði Tímabil 12.5-6.6	

## Formfræði

Formfræði er hluti af skólanámskrá Waldorfskólans og er samþætt við stærðfræði

Tímabil 28.10-22.11	<b>Nemendur halda áfram í formteikningu. Formin verða flóknari og eftir áramót vinna nemendur myndrænt rúmfræðileg form í tengslum við stærðfræði.</b> <ul style="list-style-type: none"><li>horn, brúnir, hliðarfleti, sívalingur, ferstrendingur, píramídi, kúla, keila, teningur, rétthyrningur og ferningur.</li></ul>
------------------------	--

## Erlend tungumál

### Enska

Tímabil 16.9-11.10	<b>Samskipti og frásögn</b> <ul style="list-style-type: none"><li>nemendur æfa framburð með því að lesa ljóð og með þátttöku í leikritum með,</li><li>nemendur æfa sig að nota ensku í lesleikúsi,</li><li>nemendur læra að takast á við ólíkar aðstæður sem gera kröfur um almenn samskipti eins og t.d að kaupa eitthvað í verslun o.s.frv.,</li><li>nemendur æfa sig að nota ensku í hópavinnu og ýmsum leikjum.</li></ul> <b>Lesskilningur</b> <ul style="list-style-type: none"><li>nemendur lesa stutta texta og leysa verkefni í tengslum,</li><li>nemendur lesa ljóð,</li><li>nemendur lesa stuttar sögur með kennara,</li><li>nemendur endursegja sögur og skrifa sjálfir stuttar sögur.</li></ul> <b>Hlustun</b> <ul style="list-style-type: none"><li>nemendur hlusta á stutta texta og ljóð,</li><li>nemendur hlusta á sögur sem kennari flytur.</li></ul> <b>Ritun</b> <ul style="list-style-type: none"><li>nemendur skrifa stutta texta og ljóð,</li><li>nemendur skrifa sögur,</li><li>nemendur leysa verkefni.</li></ul> <b>Menningarlæsi</b> <ul style="list-style-type: none"><li>nemendur læra um helstu drætti hins enskumælandi menningarheims,</li><li>nemendur læra um ýmsa atburði, staði og persónur í hinum enskumælandi heimi,</li><li>lesi klassískar barnabókmenntir frá hinum enskumælandi heimi.</li></ul> <b>Námshæfni</b> <ul style="list-style-type: none"><li>nemendum eru kenndar aðferðir til að tjá sig á áhrifaríkaríkan hátt eins og t.d að umorða,</li><li>nemendur læra að nota orðabók og uppflettirit,</li><li>læra að temja sér gagnlegar námsaðferðir til að læra orðaforða, lesa og skrifa reiprennandi.</li></ul>
-----------------------	--

## List- og verkgreinar

Nemendum er skipt niður í tvo hópa, annar hópur er í smíði en hinn í handavinnu. Kennt er daglega í fjórar kennslustundir í senn, í millitíma og eftir hádegi.

## Handavinna

Haustönn <b>Tímabil</b> <b>19.8-11.10</b> 5. bekkur <b>Tímabil</b> <b>28.10-20.12</b> 6. bekkur	5. bekkur mun klára handavinnupoka frá fyrra ári þar sem reynt er á fínhyfingar, nákvæmni, þolinmæði og skapandi hugsun. Næsta verkefni verður að teikna upp munstur fyrir krosssaum.  6. bekkur klárar krosssaum frá fyrra ári. Krosssaumur reynir á fínhyfingar, nákvæmni, þolinmæði og skapandi hugsun. Bekkurinn mun vinna minni frjáls verkefni í krosssaum þegar aðalverkefninu er lokið.
---	---

## Smíði

Tálgun  Haustönn 6. bekkur <b>19.08-11.10</b> 5. bekkur <b>28.10-20.-12</b>	Nemendur skulu tálga smjörhníf, skeið og skóflur. Nemendur fá skýra leiðsögn um meðhöndlun tálgunarhnífa Nemendur læra að lesa í viðinn og finna form sem tengjast viðfangsefninu sem á að tálga.  Í lok áfanga eiga nemendur að geta nefnt helstu tegundir trjáa í Lækjarbotnum, hvernig þau vaxa og þekkja vaxtarlag og lauf þeirra á mismunandi árstíðum. Þau velja vel efnið í verkefni. Þá þurfa þau að finna hluta af tré eða grein sem inniheldur sem minnst af kvistum og nógu stórt fyrir áætlaða stærð verks þegar að þau fella Birkkitré.
---	--

## Tónlist

Tónlistarlotur eru kenndar í árgöngum, 6. bekkur á haustönn og 5. bekkur á vorönn, 4 vikur í senn.

Haustönn <b>Tímabil</b> <b>25.11-20.12</b> 6. bekkur Vorönn <b>Tímabil</b> <b>10.3-11.4</b> 5. bekkur	<b>Fjölbreytt efnisskrá þar sem unnið er með lög, reglur, sungna leiki og dansa ásamt æfingum í uppsetningu með söng og samspili.</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur æfa einradda og margradda söng með áherslu á ítónun, hljóm og tjáningu,</li><li>• nemendur búa til og spila laglínur og takt á slagverk, sem og önnur hljóðfæri og móta og flytja lítil verk með tali, söng, hreyfingu og spilun,</li><li>• nemendur læra undirstöður nótnakerfisins og lesa nótur,</li><li>• nemendur læra að spila eftir eyranu og eftir nótum.</li></ul>
--	--

## Hrynlist

Vorönn <b>Tímabil</b> <b>10.3-11.4</b>	<b>Nemendur framkvæma hreyfingar á formum sem byggjast á rúmfræði, einstaklings form sem umbreytast í stærri hópform.</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• hrynlistaræfingar sem tengjast ljóðum og versum,</li><li>• kraftmiklar skrefaæfingar,</li><li>• æfingar með koparstafi,</li><li>• einbeitingar- og samhæfingaæfingar þar sem hugur og útlimir vinna saman,</li><li>• listræn framsetning tengd leiklist.</li></ul>
--	--

Hrynlist eða eurythmy er ekki til staðar í aðalnámskrá grunnskólanna heldur er hún hluti af skólanámskrá Waldorfskólanna.

Hrynlist er kennd á öllum aldurstigum og vinnur að því að taka upp efnivið fagtíma og umbreyta í hreyfingu.

## Leiklist

Samþætt við mannkynssögu og íslensku. Vorönn <b>Tímabil</b> <b>3.2-7.3</b>	Leikrit byggt á goðsögum forn-grikkja.  Nemendur setja upp leikrit eftir handriti. Búninga- og grímugerð í samvinnu við list- og verkgreinakennara.
---	--

## Myndlist

Samþætt við náttúrufræði og mannkynssögu. Haustönn <b>Tímabil 28.10-22.11</b> Vorönn <b>Tímabil 22.4-9.5</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur mála vaxtastig plantna og plöntur með mismunandi aðferðum.</li><li>• blautt í blautt.</li><li>• blautt í þurrt.</li><li>• nemendur nýta sér plöntur í nærumhverfi skólans, teikna og mála.</li><li>• nemendur mála þemu úr sögum af fornri siðmenningu tengda mannkynssögu.</li></ul>
--	--

## Samfélagsfræði

Samfélagsfræði er samþætt við íslensku.

### Haustönn

Mannkynssaga samþætt við íslensku  <b>Tímabil 25.11-20.12</b>	<b>Nemendur fræðast um lifnaðarhætti, matarhefðir, samfélags uppbyggingu og trúarbrögð forna menningarheima.</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• mesópótamía, vagga siðmenningar við árbakka Efrat og Tigris,</li><li>• forn-indversk menning,</li><li>• persnesk menning,</li><li>• menningu forn-Egypta.</li></ul> Kennslan verður í formi einfaldra, myndrænna og sérvalinna frásagna þar sem sérkenni þessara þjóða og menningarskeiða koma skýrt í ljós. Unnið verður úr sögunum á bæði myndrænan, listrænan og skriflegan hátt.
---	---

### Vorönn

<b>Tímabil 6.1-31.1</b>	<b>Forngrísk menning</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur fræðast um lifnaðarhætti, matarhefðir, samfélagsuppbygging, trúarbrögð og heimspeki forn grískrar menningar,</li><li>• kennslan verður í formi einfaldra, myndrænna og sérvalinna frásagna þar sem sérkenni þessara þjóða og menningarskeiða koma skýrt í ljós. Unnið verður úr sögunum á bæði myndrænan, listrænan og skriflegan hátt.</li></ul>
-------------------------	---

## Náttúrufræði

Landfræði  Haustönn <b>Tímabil 19.8.-13.9.</b>	<b>Norðurlöndin</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur læra um Norðurlöndin sem heild og hugtak,</li><li>• nemendur fræðast um öflin sem sköpuðu og mótuðu Skandinavíuskaga og Ísland,</li><li>• nemendur kynnast hverju landi fyrir sig þar sem viðfangsefnið eru veðurfar, gróðurfar, íbúar og atvinnulíf,</li><li>• nemendur kynnast menningu hvers lands fyrir sig.</li></ul>
---	---

Plöntufræði Haustönn <b>Tímabil 16.09-18.10</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur kynnast ólíkum vistkerfum og vistgerðum svo sem fjöll og heiðar, melar og móar, strendur, haf og skógar</li><li>• nemendur læra að greina helstu plöntur vistkerfa Íslands svo sem fjallagróður, vatnagróður, gróður sem þarfnast skjóls og næringarríks jarðvegs, gróður sem getur vaxið á melum og nýtist m.a. í uppgræðslu lands ásamt fleiru</li><li>• nemendur læra að greina samspil orsaka og afleiðinga í ríki náttúrunnar og hvernig umhverfið mótar plöntuna</li><li>• nemendur vinna listrænt með viðfangsefnið</li><li>• nemendur gera einfaldar athuganir í nærumhverfi sínu</li><li>• nemendur vinna skriflega og myndrænt í aðalkennslubók</li></ul>
---	--

## Umhverfismennt

Garðyrkja	<ul style="list-style-type: none"><li>nemendur vinna í matjurtagörðum skólans við uppskeru, almenna garðumsjón og umhirðu,</li><li>nemendur nýta hráefni úr garðinum til súrsunar og sultunar,</li><li>nemendur þurrka jurtir og útbúa te og smyrsl,</li><li>saftgerð,</li><li>nemendur ganga frá matjurtargarðinum og undirbúa fyrir veturinn.</li></ul>
Haustönn Tímabil 19.8.13.9	
Vorönn Tímabil 12.5-6.6	<ul style="list-style-type: none"><li>nemendur vinna að plöntun og setja niður útsæði undir leiðsögn kennara,</li><li>matjurtagarður undirbúin undir sumarið og vaxtatíma jurtanna,</li><li>bera áburð á jarðveg.</li></ul>

## Íþróttir og hreyfing

Tímabil Reglulega yfir allt skólaárið	Hreyfing/íþróttir verða með ýmsu sniði. Þá er aðallega notast við umhverfið sem svæðið í kringum skólann hefur uppá að bjóða. Farið verður í fjallgöngur, gönguferðir og ýmsa leiki svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá einnig sundkennslu.
Bothmerleikfimi Tímabil 06.01-17.01	Samkeppni er mikilvæg núna. Þetta snýst ekki bara um að "keppa" við aðra. Leikur verður æfing. Orsök og afleiðing ráða. Reglur eru mikilvægar. Megin áhersla á Gríska tímabilið og síðar á Rómverska tímabilið. Í grískum hugsjónum, viðurkennir 11-12 ára krakkar þrá eftir að sigrast á sjálfum sér í gegnum hreyfifærni. Bothmer æfingar fyrir þetta bekkjarstig eru mjög taktfastar gangtegundir. "Taktstökk" - sem leik á milli þyngdar og léttleika. Samfelagstilfinningin er iðkuð í hreyfingunni. "Sippuband leiki" - þróast í listræn formi.
Sirkus Tímabil 20.01-31.01	Bolta leikir - þróaðust, koma með fleiri reglur, nákvæmni. Leikur sem krefst kunnáttu og að geta ratað - höfðar til þessa aldur. Lykilorð - REGLUR - NÁKVÆMNI - HARMONY – TAKTUR
Ólympíuleikar Tímabil 12.5-16.5	Nemendur æfa sirkuslistir svo sem jafnvægislist og gegl undir handleiðslu sirkus kennara. Ólympíuleikar eru haldnir að vori. Unnið er í hópastarfi þvert á bekk. Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana.

## Lífsleikni

Samþætt við leiklist, samfélagsfræði, vettvangsferðir, skólaferðalög og með þátttöku í lýðræðislegum ákvarðanatöku m innan skólasamfélagsins.	<p>Á miðstigi er lífsleikni einnig samofin öðrum fögum. Markmiðið er að nemandinn rækti með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Verkefni krefjast almennt aukins sjálfstæðis, áræðni og sköpunar.</p> <p>Í leiklist fá nemendur tækifæri á að efla tjáningarmáta og setja sig í hlutverk annara. Leikræn tjáning og uppsetning leikrita krefst skipulags, hugmynda og framkvæmdavilja.</p> <p>Í samfélagsfræði er gefið rými til að ræða um ýmsar ólíkar samfélagstegundir hinna fornu menningarþjóða og setja þær í samhengi við nútíma samfélagsskipan.</p> <p>Dagsferðir og bekkjar samvera eru skipulagðar af bekkjunum.</p> <p>Öruggur og jákvæður vettvangur er skapaður innan kennslustofunnar og utan til að nemendur geti deilt eigin reynslu með samnemendum sínum og hlustað á reynslu annara.</p> <p>Nemendur taka virkan þátt í fjölbreyttu starfi skólasamfélagsins utan skólatíma sem gefur tækifæri til að efla félagsþroska, æfa sig í samskiptum við alla aldurshópa og vinna að settum markmiðum skólastarfsins.</p> <p>Nemendur taka þátt í að skapa lifandi skólamenningu með ýmsum hætti, m.a. þátttöku í undirbúningi og framkvæmd ýmissa hátíða, lífsleikniviku, þemadaga og jólabasar.</p>
Furudalsvika 23.09-27.09	<b>Lífsleiknivika</b> Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kveikja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.

## Heimilisfræði

Haustönn 5.bekk <b>Tímabil</b> <b>25.11- 20.12.</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur öðlist víðtæka þekkingu á eldhússtörfum, rækti hjá sér jákvætt viðhorf til matar og matargerðar</li><li>• nemendur læri að nota ýmis mælitæki og eldhúsáhöld</li></ul>
Vorönn 6.bekk <b>Tímabil</b> <b>10.03-11.04</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• nemendur öðlast dýpri skilning á ræktun og úrvinnslu algengra matvæla</li><li>• að nemendur þekki hlestu korn og grænmetistegundir</li><li>• nemendur læri um hvernig ólík hráefni bragðast</li><li>• læri að nota vigt og önnur mælingartæki</li><li>• læri um mikilvægi hreinlætis í eldhúsi og matargerð</li></ul>

\*Bekkjarnámskrá þessi er birt með fyrirvara um breytingar

### **Heimildaskrá:**

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af . <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74>

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af <https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/>  
En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af <http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf>